

Mál nr. 53/1999

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar húseiganda/vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaábyrgð vegna slyss í stiga í húsi A þann 14.2.1997.

Gögn.

1. Málskot móttengið 4.3.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1073/1999.
3. Skýrsla lögreglu af málskotsaðila, dags. 13.8.1997.
4. Bréf Vinnueftirlits ríkisins, dags. 18.7.1997.
5. Bréf yfirverkfræðings hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík ásamt teikningu.
6. Tjónstilkynning málskotsaðila til tryggingafélagsins, dags. 18.8...
7. Bréf K hdl., dags. 13.11.1998.
8. Bréf X, dags. 27.11., 7.12. og 21.12.1998 og 9.3.1999.

Málsatvik.

M, starfsmaður A, var á leið niður stiga í húsnæði A, sem liggur frá kaffistofu starfsmanna á 2. hæð að forstofu á jarðhæð. Í lögregluskýrslu lýsir M atvikum þannig að hann hafi verið á hraðferð niður stigann og stokkið yfir tvær tröppur, en runnið svo á þeirri er hann sté á í framhaldi af því. Við það hafi hann hrasað í tröppunni og runnið á bakinu niður stigann u.þ.b. 4-5 tröppur. Hann hlaut m.a. tognunaráverka í baki og brjós-klos að því er segir í lögregluskýrslu.

Í bréfi Vinnueftirlitsins segir að samkvæmt þeim athugunum, sem það hafi gert, telji það ekki ástæðu til að gera athugasemdir við smíði stigans. Hann sé smíðaður úr furu og lakkaður með glæru lakki. Þá segir að líklegt sé að ryksöfnun í þrepum stigans geti aukið á hálfu og muni eftirlitið því gera kröfu um að á þrep stigans verði sett sett efni sem komi í veg fyrir hálfu.

Í bréfi yfirverkfræðings byggingarfulltrúans í Reykjavík kemur fram að stiginn hafi verið mældur að hluta og hann hafi ekki reynst vera samkvæmt samþykktum aðalteikningum né ákvæðum reglugerðar og auk þess ekki öll þrep jafnbreið sem "skiptir hér verulegu máli".

Álit.

Aðstæður voru kannaðar á vettvangi af hálfu nefndarinnar. Stiginn er alls 13 þrep og í honum er 90° beygja. Í sjálfri beygjunni eru 4 þrep og fyrir ofan hana eru 4 þrep, en 5 þrep fyrir neðan. Efsta þrepið er nokkru mjórri en önnur þrep stigans. Er breidd efsta þrepsins rúmir 20 cm, en annarra um 28 cm. Slysið verður ekki rakið til þess að efsta þrepið er að þessu leyti frábrugðið hinum þrepunum. Handrið er meðfram stiganum á hægri hönd, þegar gengið er niður, og verður ekki annað séð en það sé í eðlilegri hæð og eigi að nýtast þeim sem um stigann fara. Eðlilegum göngutakti er haldið, þegar gengið er um stigann. Að þessu virtu verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að slys M verði rakið til þess að stiganum hafi að einhverju leyti verið áfátt. Eins og atvikum var háttað þá verður heldur ekki talið sannað að slysið megi rekja til hálkumyndunar í stiganum, sem A verður kennt um. Telst A því ekki bera fébótaábyrgð á líkamstjóni M. Tjón hans fæst því ekki bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu sem A hafði keypt hjá X.

Niðurstaða.

A ber ekki bótaábyrgð á tjóni M og það fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 6. apríl 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.